



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Fjármálaáætlun 2018–2022

31. mars 2017

Fjögur hagstjórnarmarkmið

Vega á móti
þenslu í
hagkerfinu

Stuðla að sátt á
vinnumarkaði

Taka á
gengisstyrkingu

Efla opinbera
þjónustu og
styrkja innviði



20% aukning í heilbrigðismál

- Nýtt þjóðarsjúkrahús
- Breytt og lægri greiðsluþátttaka sjúklinga
- Sálfræðiþjónusta aukin, meðal annars í skólum
- Biðlistar styttnir



Virkari vinnumarkaður

- Hækkun frítekjumarks atvinnutekna eldri borgara
- Aðgerðir til að stuðla að virkni sem flestra á vinnumarkaði



Innviðir og öryggi

- Aukið fé til samgöngumála
- Efling löggæslu um land allt
- Þrjár nýjar þyrlur fyrir Landhelgisgæsluna



Fjölskyldur í fyrirrúmi

- Hækkun greiðslna í fæðingarorlofi
- Aðgerðir gegn fátækt barna
- Markviss skref til að leysa húsnæðisvandann



Aukin velferð

- Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) verður lögfest
- Stuðningur við öryrkja endurskoðaður



Menntamál

- Háskólar fá meira fé til að auka gæði
- Hús íslenskunnar rís



Betra skattkerfi

- Lægri virðisaukaskattur eykur kaupmátt almennings
- Skattaívilnun ferðapjónustu minnkuð
- Grænir skattar vernda umhverfi



Forgangsröðun og umbætur

- Aukin skilvirkni í ríkiskerfinu
- Hærri framlög skili sér í bættri þjónustu
- Tilgangur fjármálaáætlunar er markviss nýting fjár



Ábyrg hagstjórn

- Umhverfi skapað til lækkunar vaxta
- Hröð lækkun skulda
- Lægri vaxtagreiðslur veita svigrúm til uppbyggingar
- Stöðugra gengi





FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Forsendur

Fjármálastefna 2017-2022

Hlutfall af vergri landsframleiðslu	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Hið opinbera, A-hluti:	%	%	%	%	%	%
Heildarafkoma	1,0	1,6	1,6	1,5	1,4	1,3
þ.a. ríkissjóður, A-hluta	1,0	1,5	1,4	1,3	1,2	1,1
þ.a. sveitarfélög, A-hluta	0,0	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2
Heildarskuldir	37	34	30	28	27	26
þ.a. ríkissjóður, A-hluta	31	28	24	23	22	21
þ.a. sveitarfélög, A-hluta	6	6	6	5	5	5
Opinberir aðilar í heild (ríki, sveitarfélög og fyrirtæki þeirra):						
Heildarafkoma	0,5	1,6	2,1	2,5	2,4	2,3
Heildarskuldir	59	55	50	47	45	43



Fjármálaáætlun 2018-2022

Almennt

- Fjármálaáætlun til fimm ára er sett fram á grundvelli fjármálastefnu og skal lögð fram á Alþingi í síðasta lagi 31. mars ár hvert.
- Áætlunin er mikilvægt hagstjórnartæki og felur í sér annars vegar greiningu á horfum í efnahagsmálum og fjármálum opinberra aðila í heild og hins vegar markmið og áætlun um fjármál ríkis, sveitarfélag og félaga í þeirra eigu.
- Þá felur áætlunin í sér ítarlega útfærslu á markmiðum fjármálastefnu og stefnumörkun um tekjur og gjöld opinberra aðila og þróun þeirra.



Fjármálaáætlun 2018-2022

Fjármálaáætlun sem stýritæki

- Í áætluninni setja ráðuneytin fram stefnur og markmið fyrir 34 málefnasvið og 100 málaflokka
- Stefnt er að mælanlegum markmiðum og mælikvörðum
- Hver ráðherra gefur árlega skýrslu á framgangi þeirra markmiða sem sett eru fram
- Þetta tryggir að málefnastefnur ráðuneytanna séu settar fram í samhengi fjárheimilda






FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Efnahagshorfur

Penslan í hámarki 2017


- Meiri vöxtur árið 2016 en reiknað var með
- Landsframleiðslan er nú orðin talsvert meiri en hún hefur nokkurn tímann verið
- Talið er að framleiðsluspennan nái hámarki á þessu ári
- Mikill innflutningur vinnuafis og framleiðslutækja hefur slegið á spennuna
- Gert er ráð fyrir að spennan fari minnkandi á næstu 2-3 árum

Spá um hagvöxt



Heimild: Hagstofa Íslands

Landsframleiðsla og þjóðarútgjöld, vísitala




Heimild: Hagstofa Íslands



Mikil kaupmáttaraukning og atvinnuþátttaka aldrei meiri


- Kaupmáttur hefur aukist verulega, eða 9,5% árið 2016
- Kaupmáttur hefur aldrei aukist eins mikið á einu ári frá því mælingar hófust árið 1989
- Mælt atvinnuleysi hefur minnkað mikið og er komið niður fyrir 3%.
- Atvinnuþátttaka er orðin sögulega mjög há og hefur atvinnuþátttaka kvenna aldrei verið meiri
- Langtímaatvinnuleysi er hverfandi
- Skattbreytingar stuðla að auknum kaupmætti almennings og draga úr þrýstingi á launahækkunarir

Kaupmáttur, laun og verðbólga, breyting frá fyrra ári



Atvinnuleysi eftir lengd

Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands




Efnahagsleg viðfangsefni

- Helstu áskoranir lúta að

- Peninga- og gengismálum
- Vinnumarkaði, þróun kjaramála
- Húsnæðismarkaði
- Ferðapjónustu
- Öldrun þjóðarinnar


Fjöldi ferðamanna, þús.



Fjármála- og efnahagsráðuneytið


Heimild: Ferðamálastofa, Íslandsbanki

Gengisvísitala krónu og inngríp Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði (ma.kr.)



Heimild: Seðlabanki Íslands

Raunverð húsnæðis, vísitala



Heimild: Hagstofa Íslands



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ


Útgjöld og áherslumál

Útgjaldapróun ríkissjóðs

án óreglulegra liða

- Gert er ráð fyrir að raunvöxtur frumgjalda (þ.e. heildargjöld að frádregnum vaxtagjöldum) verði að jafnaði 3% á árunum 2018-2022
- Það svarar til um 20 mia.kr. raunaukningar útgjalda á ári að jafnaði


Útgjöld í milljörðum á verðlagi 2017



Heilbrigðismál

- Útgjöld til heilbrigðismála stóraukin
- Nýr Landspítali verður á lokastigum við lok áætlunarinnar
- Biðlistar styttnir og hjúkrunarrýmum fjölgað
- Nýtt greiðslupátttökukerfi tekur gildi og greiðslupátttaka sjúklinga lækkuð á tímabilinu
- Tekið verður á geðsjúkdómum með fjölþættum aðgerðum um land allt
- Sálfræðiþjónusta eflað í skólum

Útgjöld í milljörðum á verðlagi 2017



Önnur velferðarmál

- Hámarksgreiðslur til foreldra í fæðingarorlofi verða hækkaðar umtalsvert
- Frítekjumark vegna atvinnutekna eldri borgara verður hækkað verulega
- Stuðningur við öryrkja verður endurskoðaður, meðalgreiðslur hækkaðar og aðstoð við atvinnuleit aukin
- Stofnframlög til byggingar almennra leiguíbúða munu mæta vaxandi húsnæðisþörf
- Úrræði til fyrstu húsnæðiskaupa styrkt



Innanríkismál

Samgöngur

- Dýrafjarðargöng og Herjólfur verða tekin í gagnið á tímabilinu
- Fjárfesting og viðhald vegakerfisins aukið
- Verkefningu *Ísland ljóstengt* lokið á tímabilinu

Dómsmál

- Löggæsla efld um land allt sem og landamæraeftirlit
- Þrjár þyrlur fyrir Landhelgisgæsluna
- Nýtt dómstig, Landsdómur, tekur til starfa




Menntamál- og menningarmál

- Útgjöld til háskólastigsins aukin til að auka gæði og standast alþjóðlegan samanburð
- Hús íslenskunnar rís
- Aðgengi að menningu og listum aukið
- Staða íslenskrar tungu eflað
- Innlend dagskrárgerð aukin
- Afrekssjóður styrktur



Umhverfismál

- Tekið á loftslagsbreytingum með fjölbreyttum hætti, meðal annars með minnkun útblásturs
- Unnið samkvæmt landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum
- Aukin vöktun og rannsóknir á náttúrufari og loftslagsbreytingum



Ferðapjónusta

Kröftug uppbygging innviða

- Landsáætlun um uppbyggingu innviða
- Aukin framlög í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða
- Samgöngur og löggæsla (ný forgangsröðun 2017 endurspeglar nú aukna áherslu á þarfir ferðapjónustunnar)

Aukið fjármagn til annarra mikilvægra verkefna

- Stjórnsýsla
- Öryggismál
- Rannsóknir
- Landshlutabundin stefnumótun
- Upplýsingaveitur
- Hæfnisetur
- Landvarsla



Umbætur í ríkisrekstri

Styrkleikar og áskoranir

- Starfsemi ríkisins hefur margvíslega styrkleika, er sveigjanleg, býr yfir miklum mannauði og veitir samfélaginu góða og mikilvæga þjónustu
- Rík krafa um aukið fjármagn í þjónustukerfi ríkisins en oft minni áhersla á að nýta betur það fjármagn sem þegar er til staðar
- Auknir fjármunir skila ekki sjálfkrafa auknum árangri ef markmið eru óljós og skipulag óhagkvæmt
- Mikilvægt að leita allra leiða til að auka hagkvæmni, bæta þjónustu og auka árangur

Fjögur kjarnaverkefni áformuð

1. Átak til að bæta rekstur og þjónustu stofnana með aðkomu sérstaks teymis sem aðstoðar ráðuneyti og stofnanir
2. Betri og hagkvæmari nýting upplýsingatækni til að efla og einfalda þjónustu og stjórnsýslu og draga úr rekstrarkostnaði
3. Greining og aðgerðir til að auka framleiðni
4. Umbætur á þjónustu- og stjórnsýslukerfum til að auka skilvirkni og árangur





FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Skattastefna og tekjuáætlun: Ívilnanir afnumdar og almennt þrep lækkað

Skattkerfisbreytingar 2018–2022

I. Breikkun skattstofns í almennu þrepi virðisaukaskatts og skattalækkunar

Ferðapjónustutengd starfsemi færast í almennt virðisaukaskattsþrep 1. júlí 2018

Almennt þrep virðisaukaskatts lækki úr 24% í 22,5% 1. janúar 2019

Tryggingagjald lækki á seinni hluta tímabilsins. Umfang lækkunar ræðst af afkomusvigrúmi ríkissjóðs

II. Hækkun kolefnisgjalds um 100% 1. janúar 2018. Frekari aðgerðir á sviði grænna skatta koma til skoðunar síðar

Kerfisbreytingar og áherslur í skattamálum 2018–2022

Virðisaukaskattur samræmdur í ferðaþjónustu

- Gisting, ferðaskrifstofur, -skipuleggjendur, -félög, farþegaflutningar, heilsulindir og ferðaleiðsögn
- Veitingasala áfram í neðra þrepi
- Atvinnugreinin hefur vaxið og eflst mjög og forsendur horfnar fyrir stuðningi
- Áhrif á vöxt ferðaþjónustunnar verða einhver en þó líklega lítil
- VSK af ferðaþjónustu án veitingastarfsemi nú nálægt 3% tekna af VSK

Almennt þrep lækkar

- lækkar úr 24% í 22,5% 1. janúar 2019
- frekari lækkun hugsanleg
- Lækkar vísitölu neysluverðs um 0,4%

Kolefnisgjald, grænir skattar

- tvöföldun kolefnisgjalds 1. janúar 2018
- núverandi gjald er lágt í alþjóðlegum samanburði
- hvetur til skipta yfir í hreinni orku
- frekari aðgerðir verða til skoðunar

Tryggingagjald

- lækkað eftir því sem svigrúm leyfir frá og með 2020
- lækkun gagnast hlutfallslega betur litlum og meðalstórum fyrirtækjum

Barátta gegn skattundanskotum og –svikum

- Þrjár starfs- og vinnuhópar nú þegar að störfum





FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ


Skuldir lækka hratt

Helstu ráðstafanir í lánamálum 2017 - 2022

- Nýting stöðugleikaframlaga slitabúa
 - Gert er ráð fyrir að nýta 105 ma.kr. á yfirstandandi ári
 - Forsenda þess er að sala á 87% hlut í Arion banka gangi eftir
- Ráðstöfun óreglulegra tekna, s.s. arðgreiðslna og söluandvirðis eigna
 - 140 ma.kr. í óreglulegum tekjum nýttar til niðurgreiðslu skulda
- Lækkandi skuldahlutfall skýrist af vexti landsframleiðslunnar og niðurgreiðslu skulda

Skuldir hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga

% af VLF





FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Fjármálaáætlun 2018–2022